

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Arnars Gunnarssonar.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Arnars Gunnarssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er á Akureyri.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að styrkja efnilega handknattleiksiðkendur með fjárhagsaðstoð og að auka fræðslu til foreldra og forráðamanna barna og ungmenna sem stunda íþróttir. Miðað er við hámarksaldur styrkþega sé 20 ár og miðað við almanaksárið sem þeim aldri er náð. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að styrkir eru greiddir til þeirra iðkenda sem sjóðstjórn velur hverju sinni. Valið verður úr umsóknum og ábendingum sem stjórninni berast og er það val í höndum sjóðstjórnar. Miðað er við að greiða út styrki þann 13. mars ár hvert, sem var afmælisdagur Arnars Gunnarssonar, og mun fjöldi styrkja og upphæð þeirra ráðast af því hve miklu tókst að safna árið á undan. Sjóðurinn hefur einnig þann tilgang að heiðra minningu Arnars og er stofnaður ári eftir sviplegt fráfall hans.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

Samúel Ívar Árnason, kt. 080374-5939.

Sólveig Hulda Árnadóttir, kt. 040889-2809.

Stefán Rúnar Árnason, kt. 090486-3149.

Samúel, Sólveig og Stefán leggja til 620.477 krónur hvert í framlagsfé, samtals 1.861.432 krónur.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.861.432 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnendur lögðu fram stofnfé í jöfnum hlutföllum, eða 620.477 krónur hvert. Hluti stofnfjár safnaðist á minningartónleikum tileinkuðum Arnari Gunnarssyni sem haldnir voru á Vitanum á Akureyri 16. september 2023. Þar söfnuðust 1.261.432 krónur með miðasölu og frjálsum framlögum einstaklinga. Gerð var grein fyrir hvernig fjármagnið sem safnaðist yrði nýtt og vísast til heimasíðunnar [www.addimaze.is](#) þar sem viðburðurinn var auglýstur því til staðfestingar.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. mars 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.